



Það er hátíðlegt þegar fólk klæðist þjóðbúningum á hátíðisdögum. Hér er fengulegur hópur fólks að fagna þjóðhátíðardeginum í Rangárbíngi eystra.

Viðurkenning fyrir varðveislu og saum á þjóðbúningum

Það setur alltaf mikinn svip á hátíðarhöldin á 17. júní þegar að gestir sem mæta í þjóðbúningum. Þjóðbúningar eru hluti af menningu hverrar þjóðar og vinnubrögðin sem notuð hafa verið við gerð þeirra dýrmætur menningararfur.

Á Hvolsvelli býr Ragnhildur Birna Jónsdóttir en hún hefur saumað hvern þjóðbúninginn á fætur öðrum undanfarin ár

ásamt því að laga og viðhalda öðrum eldri búningum, hvort sem það eru karla-, kvenna- eða barnabúningar. Fyrir þetta ákvað menningarnefnd Rangárbíngs eystra að veita Ragnhildi heiðursviðurkenningu fyrir varðveislu menningararfs Íslands en viðurkenninguna fékk hún afhenda þann 17. júní. Fjölskylda Ragnhildar og vinir mættu öll í þjóðbúningum í

tilefni þessa og var stórkostlegt að sjá hópinn á hátíðarhöldunum.

Ragnhildur hefur saumað tvo herrabúninga, skautbúning, þrjá 20. aldar upphluti, tvo 19. aldar upphluti og er nú að vinna að 18. aldar faldbúningi.

Það var Harpa Mjöll Kjartansdóttir, formaður menningarnefndar, sem veitti Ragnhildi viðurkenninguna. -gpp

Þrjátíu slökkviliðsmenn útskrifaðir hjá BÁ

Þann 17. júní er hefð fyrir að útskrifa slökkviliðsmenn hjá Brunavörnum Árnessýslu. Alls voru þrjátíu sem útskrifuðust í ár. Nýútskrifaðir slökkviliðsmenn fara nú á útkallsskrá sem hlutastarfandi slökkviliðsmenn.

andi og geri fólk tilbúið í það að takast á við þau krefjandi störf sem bíða þeirra sem starfa á þessum vettvangi. Meðal þess sem nemendur þreyttu voru líkamleg próf, æfingar af ýmsum toga og svo bókleg verkefni. Að útskriftarathöfninni lokinni

var haldin Björgunarsýning við Björgunarmiðstöðina þar sem slökkvilið, lögregla, sjúkraflutningar og björgunarsveitin sýndu björgun úr brennandi byggingu og hvernig þessir aðilar starfa saman á slíkum vettvangi -gpp.



Námið er heggur nærri ári

Það er drjúgur skóli að læra til slökkviliðsmanns, enda margt sem þarf að kunna þegar komið er á vettvang. Í samtali við Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóra kemur fram að námið sé krefj-

Bjarg íbúðafélag afhendir 14 íbúðir



Bjarg íbúðafélag afhenti fjórtán nýjar íbúðir við Heiðarstekk 1 á Selfossi þriðjudaginn 15. júní sl. Aðilar frá stéttarfélagunum á Selfossi, bæjarstjóri Árborgar og forseti bæjarstjórnar voru viðstaddir afhendinguna og skoðuðu íbúðirnar ásamt því að hitta þar fyrstu íbúa hússins. Síðar á árinu munu SG-hús svo afhenda Bjargi aðrar 14 íbúðir við Heiðarstekk 3. Fjölbýlishúsin eru samvinnuverkefni Bjargs, Sveitarfélagsins Árborgar og SG-húsa. -gpp



Litlu kaffistofunni lokað

Þær fregnir bárust í liðinni viku að Litlu kaffistofunni verði lokað þann 31. júlí nk. Kaffistofan var opnuð 4. júní 1960 og hefur þjónustað vegfarendur við þjóðveginn í 61 ár. Núverandi eigendur hafa rekið Litlu kaffistofuna

undanfarin fimm ár og þakka góðar móttökur. Óhætt er að segja að sjónarsviptir verði af Litlu kaffistofunni sem hefur eins og áður sagði verið áningarstaður margra í árafjöld. -gpp

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is

SELFLOSS 9.-11. JÚLÍ

KOTELETTAN

BBQ & MUSIC FESTIVAL 2021

FM95BLÖ · PÁLL ÓSKAR · HERRA HNETUSMJÖR · BRIET · STUDLABANDIÐ
 JÓPÉ OG KRÓLI · SKÍTAMÓRALL · GDRN · SPRITE ZERO KLAN · LOVE GURU
 SIGGA BEINTEINS · GRÉTAR ÖRVARS · BANDMENN · SVERRIR BERGMANN
 DJ ÓLI GEIR · MOSKVIT · ALLT Í EINU · DJ NOKTO · IVAR I

MIDASALA Á KOTELETTAN IS

peppi MAX EIMSKIP KOTELETTAN FACEBOOK/KOTELETTAN WWW.KOTELETTAN.IS EB KERFI



Eyrabakkakirkja. Mynd: Magnús Karel Hannesson, Eyrabakka.

„Það er einmitt þessi fjöldi aldamótahúsa sem hefur varðveist sem gerir þorpið sérstakt“

Bæjarstjórn sveitarfélagsins Árborgar hefur látið meta hvort lög nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð eigi við um elsta hluta þorpsins á Eyrabakka. Frumkvæði að þessari athugun kom frá íbúum á Eyrabakka, sem á undanförunum áratugum hafa unnið ötullega að vitundarvakningu um mikilvægi þess að vernda aldamótabyggðina. Þar fremst í flokki eru Magnús Karel Hannesson og Inga Lára Baldvinsdóttir. Nú liggur fyrir tillaga að verndarsvæði, sem er um 28 ha að stærð og nær yfir elsta hluta Eyrabakka þar sem flest hin svokölluðu aldamótahús standa og voru byggð út frá jörðunum Skúmsstöðum og Háeyri.

Fjölsóttur íbúafundur og íbúar áhugasamir um málið

Íbúafundur sem haldinn var á Eyrabakka 14. júní sl., þar sem verkefnið var kynnt, var einstaklega vel sóttur en 60 manns sóttu fundinn. Ljóst var að mikil ánægja var meðal fundarmanna með framtakið. Samstaða var á fundinum um að málinu yrði framhaldið. „Þetta er sennilega fjölmennasti íbúafundur sem haldinn hefur verið um langt skeið á Eyrabakka. Kynningin var afar góð og Svanhildur Gunnlaugsdóttir hjá Landform fór einstaklega vel yfir þetta,“ segir Guðmundur Ármann íbúi á Eyrabakka í samtali við Dagskrána. Í máli Guðmundar kemur einnig fram að þetta væri eitt stærsta og verndar og framfaraskref sem stigið hafi verið í þorpinu í langan tíma. „Það er búið að ramma þarna inn byggðina á bakkanum og sýna henni þann sóma sem hún á skilið. Þarna munu spretta fram fjölmörg tækifæri fyrir byggðina til að vaxa og dafna, bæði með tækifærum í ferðahjónustu og annarri atvinnuuppbyggingu,“ segir Guðmundur. Nú fer málið til afgreiðslu í bæjarstjórn og svo þaðan til afgreiðslu hjá menntamálaráðherra sem tekur endanlega ákvörðun.

Þorpið fær viðurkenningu á sérstöðu sinni

Hvaða þýðingu hefur það fyrir Eyrabakka að þessi eldri hluti verði verndarsvæði í byggð? „Að elsti hluti þorpsins fái stöðu verndarsvæðis í byggð getur orðið lyftistöng fyrir samfélagið og einnig felst í því viðurkenning á sérstöðu þorpsins og því góða starfi sem einstaklingar hafa innt af hendi við varðveislu byggðarinnar. Það getur orðið einstaklingum enn meiri hvatning og einnig sveitarfélaginu í heild, en það er mikilvægt að ráðamenn innan þess beini sjónum sínum að því hversu mikilvægt það er að bæta úr viðhaldi gatna, stíga og umhverfisins alls innan svæðisins,“ segir Svanhildur Gunnlaugsdóttir í samtali við Dagskrána.

Nú hljóta húsin innan svæðisins að vera mismerkileg til varðveislu. Hvað er það nákvæmlega sem verið er að vernda og hvers vegna er mikilvægt að vernda götumyndir og byggðarsögu með þessum hætti? „Innan svæðisins eru um 155 hús og 88 af þeim eru byggð fyrir 1925 og falla því undir lög um menningarminjar. Þrjú þessara húsa, Húsið, Assistentahúsið og Eyrabakkakirkja

eru friðlýst. Hús sem náð hafa 100 ára aldri eruð friðuð skv. lögum. Það er einmitt þessi fjöldi aldamótahúsa sem varðveist hefur sem gerir þorpið sérstakt, en innan verndarsvæðisins er að finna eina heillegustu, samfelldu byggð alþýðuhúsa frá því um og eftir aldamótin 1900 sem varðveist hefur á Íslandi. Auk húsa eru ýmsar minjar eins og gömlu sjóvarnargarðarnir, hlaðnir garðar umhverfis kartöflugarða, tóftir, brunnar o.fl. sem ber að varðveita. Mikilvæg menningarleg verðmæti hafa glatast, s.s. Vesturbúðin, en nánast öll verslunarhús frá blómaskeiði Eyrabakka sem verslunarstaðar, eru horfin. Mörg aldamótahúsa eru látlaus og smágerð, en það er samspil þeirra, byggðamynstrið og sagan sem verið er að vernda með því að skilgreina svæðið sem verndarsvæði í byggð. Byggingarform aldamótahúsa er fjölbreytt, allt frá litlum þurrabúðarhúsum yfir í reisuleg sveitserhús og timburklassik,“ segir Svanhildur.

Hefur tækifæri í för með sér fyrir þorpið

Hvernig getur þetta nýst til uppbyggingar og tækifæra fyrir þorpið með tilliti til ferðahjónustu og atvinnuuppbyggingar? Að fá viðurkenningu á því að svæðið sé verndarsvæði vegna upprunaleika, merkilegrar sögu og sérstaks svipmóts byggðar getur haft ýmis tækifæri í för með sér, bæði þegar kemur að markaðssetningu þjónustu og vöru innan þorpsins, en einnig þegar kemur að því að sækja styrki til þess að fjármagna uppbyggingu. Saga þorpsins sem mikilvægasta verslunarstaðar á Suðurlandi allt fram til um 1920 er merkileg í sjálfu sér og enn merkilegra er að geta gengið sömu götur og séð sömu húsin og bændurnir sem komu í verslunarleiðangur fyrir hundrað árum síðan.

Íbúar fá aukin tækifæri til umbótastarfs á húsunum

Nú hafa íbúar verið duglegir margir hverjir að halda við húsum sínum, sumpart með stuðningi frá Húsfriðunarsjóði. Stýður verkefnið við frekara viðhald og uppbyggingu? Þegar lög um verndarsvæði í byggð voru samþykkt árið 2015, fylgdu loforð um aukið fjármagn í sjóði sem hægt yrði að sækja um í. Þegar tiltekið hús er innan verndarsvæðis í byggð má telja víst að möguleikar á styrkjum til viðhalds á friðuðum húsum aukist. Húseigendur hafa sýnt það á undanförunum áratugum að þeir eru þess meðvitáðir hversu mikilvægt það er að vanda til þess þegar gömul hús eru gerð upp. Sú staðreynd hversu mörg hús hafa verið færð í upprunalegt horf hefur haft áhrif á umsókn um verndarsvæðið. Aðspurð um hvort verkefnið muni hafa áhrif á bæjarmyndina til lengri tíma segir Svanhildur: „Tvímælalaust. Aukin áhersla verður lögð á umhverfið og að skapa þessum húsum verðuga umgjörð með víðeigandi umhverfismótun. Áherslan á varðveislu og fegrun mun smita út frá sér og hafa áhrif á allt þorpið og hugmyndir fólks um þróun þess til framtíðar. -gpp

Sumarlokun



Skrifstofa FOSS verður lokuð
5. júlí – 2. ágúst. Opnum aftur
þriðjudaginn 3. ágúst.

Minum alla á að ná sér í útilegu-
kort, veiðikort eða afsláttarmiða
í Kraumu fyrir lokun.

Gleðilegt sumar.



Aðalfundur

Aðalsafnaðarfundur Þorláks- og Hjallasóknar á árinu 2021 verður haldinn í Þorlákskirkju fimmtudaginn 24. júní nk. og hefst hann kl. 18.

Dagskrá aðalsafnaðarfundar:

1. Setning fundarins.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla sóknarnefndarformanns um liðið starfsár.
4. Lagðir fram til afgreiðslu ársreikningar sóknar og kirkjugarða fyrir sl. ár ásamt fjárhagsáætlun þessa árs.
5. Greint frá starfssemi héraðsnefndar og héraðsfundi.
6. Ákvörðun um meiriháttar framkvæmdir og framtíðarskuldbindingar.
7. Kosning tveggja skoðunarmanna eða endurskoðenda sóknar og kirkjugarðs og varamanna þeirra til árs í senn.
8. Kosning sóknarnefndar.
9. Önnur mál.

Sóknarnefnd Þorláks- og Hjallasóknar

Faldbúningur fangaði athyglina

Eyrún Olsen fangaði athygli viðstaddra á skemmtun eldri borgara á Þjóðhátíðardaginn. Eyrún klæddist svo kölluðum faldbúning, en hann á rætur sínar frá átjándu öld. Valdimar Bragason, kynnir kvöldsins var ekki lengi að breyta örlítið um takt í dagskránni og biðja Eyrúnu að segja örlítið frá búningnum en hann saumaði hún sjálf. Athygli vakti að búningurinn er litríkur, en að sögn Eyrúnar var það algengt framan af en svart liturinn kom síðar, en búningarnir urðu fábreyttari á nítjándu öld.



treyja, með löngum, þröngum ermum, var skreytt með leggingum á baki og ermum og á boðöngum voru vírborðar eða flauelsborðar með ásaumi eða baldýraðir með vírþræði eða silki. Laus kragi var skreyttur á svipaðan hátt. Pilsíð (niðurhluturinn) var sítt, blátt, grænt, rautt eða svart og mjó svunta, jafnsíð, í sama lit eða öðrum. Báðar flíkur voru að neðanverðu lagðar flauelsleggjum, kniplingum eða þær voru útsaumaðar. Hálsklútur var festur með brjóstnælu, belti var um mitti og stundum festar um háls. Hversdags gátu konur verið með djúpa skothúfu í stað faldsins.

Um búninginn

Elstu teikningar af íslenskum konum sýna þær í faldbúningum. Slíkir búningar hafa varðveist frá 18. öld. Búningurinn ber nafn af faldinum. Hann var gerður úr nokkrum hvítum línúðum sem voru vafðir um höfuðið, festir með þrjónum og neðst bundinn mislitur klútur. Á 18. öld var faldurinn mótaður í krókfald. Innst fata voru konur í nærskyrta, mislitum upphlut og mörgum undirpilsum. Upphluturinn gat verið úr flaueli en annars var búningurinn saumaður úr ullarklæði. Stutt,

Leitað er að grillveislu ársins á Kótelettunni

Leitin að grillveislu ársins er hafin, en eins og Lundanfarinn ár er fólk hvatt til þess að bjóða fólki heim, grilla og hafa gaman á Kótelettunni en flottasta grillveislan árið 2021 verður verðlaunuð að venju með glæsilegum vinnungum. Það sem þú þarf að gera er að halda skemmtilega grillveislu, taka skemmtilegar og líflegar myndir og setja þær inn á Instagram með myllumerkinu #grillpartyarsins2021 eða senda í tölvupósti á info@kotelettan.is fyrir kl. 20 laugardagskvöldið 10. júlí. Kótelettabúllinn ásamt dómnefnd mun svo mæta í flottustu grillveislunni með látum kl 21 og afhenta glæsilega vinninga ásamt verðlaunum.

Nú er um að gera að byrja að bjóða vinum og vandamönnum í grill. Nánari upplýsingar má finna á kotelettan.is. -Aðsent



Meðfylgjandi mynd er frá grillveislu ársins 2019 sem var hjá þeim Lúðvík, Silju og dætrum á Grænuvöllum 6 á Sel-fossi.

Meiraprófsbílstjórar og vélamenn

Þjótandi ehf. óskar eftir vélamönnum með vinnuvélaréttindi og bílstjórum með meirapróf.

Um framtíðarstörf er að ræða.

Upplýsingar í síma 893 9190 eða á tölvupósti tjtotandi@simnet.is.



ODDAHÁTÍÐ 3. JÚLÍ

Í tilefni af 30 ára afmæli Oddafélagsins á síðasta ári bjóðum við til mikillar tónlistarhátíðar í Odda á Rangárvöllum laugardaginn 3. júlí. Sinfóníuhljómsveit Suðurlands, undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar ásamt Kvennakórnum Ljósbrá, Karlakór Rangæinga, félagum úr Kammerkór Rangæinga og Eyjólfí Eyjólfssyni einsöngvara.

Gestum stendur til boða að kaupa 30 ára afmælismarki félagsins til styrktar undirbúningi að uppbyggingu Sæmundarstofu, menningar- og fræðaseturs í Odda.



Dagskrá

10:20 Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra opnar Oddabru á samt forstjóra Vegagerðarinnar og sveitarstjóra Rangárbings ytra. Séra Elína Hrund Kristjánsdóttir vigir brúna.

11:00 Helgistund í Oddakirkju. Sr. Elína Hrund Kristjánsdóttir.

11:45 Veitingar í veislutjaldi. Kvenfélag Oddakirkju.

12:15 Ágúst Sigurðsson, formaður Oddafélagsins, setur hátíðina.

12:30 Ávarp Katrínar Jakobsdóttur, forsætisráðherra.

13:00 Sinfóníuhljómsveit Suðurlands ásamt Eyjólfí Eyjólfssyni einsöngvara, Kvennakórnum Ljósbrá, Karlakór Rangæinga og félagum úr Kammerkór Rangæinga undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar.

Í lok tónleikanna frumflytur hljómsveitin og kórarnir nýtt lag Gunnars Þórðarsonar við kvæði Matthíasar Jochumssonar: Á Gammabrekku.

Oddahátíð lýkur um kl. 14.



ODDAFÉLAGIÐ
félag um menningar- og fræðasetur í Odda
stofnað 1990 oddafelagid.is

Páll Halldórsson flugstjóri sæmdur fálkaorðunni



Páll Halldórsson með blómvönd sem flugmenn hjá Landhelgisgæslunni sendu honum í tilefni af orðuveitingunni.

Forseti Íslands, hr. Guðni Th. Jóhannesson sæmdi 14 Íslendinga heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu við hátíðlega athöfn á Bessastöðum á Þjóðhátíðardaginn 17. júní sl. Meðal þeirra var Páll Halldórsson, flugstjóri frá Selfossi. Páll var sæmdur riddarakrossi fyrir framlag sitt til björgunar mannlífa og brautryðjenda starfa á vegum landgræðslu. Páll vann sem flugstjóri á þyrlum Landhelgisgæslunnar í rúm 30 ár en einnig flaug Páll í mörg ár fyrir Landgræðsluna og á sinn þátt í uppgræðslu á örfoka landi.

Tækniframfarirnar það sem stendur upp úr

Páll býður mér til stofu á heimili sínu og við fáum okkur kaffisopa. Það liggur beinast við að spyrja hvort honum hefði grunað það að fá riddarakrossinn. „Nei, ég get nú ekki sagt að mig hafi grunað það,“ segir Páll hæglega. Við vindum okkur í að spyrja betur út í tíma hans hjá Gæslunni, en hann hóf störf þar 1968 eftir þyrlunám í Noregi. „Fyrsta þyrlan kom til gæslunnar 1965, TF-EIR sem var af gerðinni Bell 47j. Þetta var nú kallað björgunarþyrla, en það var nú kannski dálítið ýkt, þó það væri vissulega hægt að gera ýmislegt á henni,“ segir Páll og hlær.

Þegar ég spyr Pál um hvað standi upp úr á löngum ferli

dæsir hann og blaðamanni ljóst að það sé æði margt. „Það má segja að tækniframfarirnar séu það sem stendur upp úr. Í gamla daga var það búnaðurinn sem klickaði. Í dag er það ekki svo. Öryggiskröfurnar eru orðnar allt aðrar. Við flugum kannski út á rúmsjó í gæsluflugi í skyrtu og með bindi. Í dag eru menn gallaðir upp samkvæmt því sem gerist best. Nætur-sjónaukar, tæknibúnaður um borð og fleira.“ Ég spyr hver sé munurinn á fyrri tíma vélum og þeim nýrri. „Hann er svo mikill að það er ógjörningur að bera þetta tvennt saman,“ segir Páll og skýrir fyrir mér að nútíma þyrlum fylgi aukin sjálfvirkni sem færi getu þyrlunnar á allt annan stað. „Bara sem dæmi er hægt að stilla inn aðflug að björgunarbáti á hafi úti og svo sér þyrlan sjálf um að fara í rétta hæð og á réttan stað og halda sér þar. Svo getur spilmáðurinn jafnvel stillt þyrluna betur af með litlum hnapp aftur í þannig að sá sem verid er að hífa komi beint upp.“

Sjómenn treysta á þyrluna sem líflínu

Við ræðum um stund um þyrlurnar og brösuglega sögu þeirra í upphafi. Páll segir að það hafi næstum farið svo að menn hafi misst trúna á þyrlurnar vegna ýmissa óhappa. Það hafi þó breyst eftir því sem búnaðurinn varð

betri. „Ég man þegar Barðinn strandaði á sínum tíma á Snæfellsnesi. Eftir það var eins og farið væri að taka mun meira mark á getu þyrlusveitarinnar. Eftir að áhöfnin var komin í land og það var tekið viðtal við þá, þá var einn stýrimaðurinn spurður að því hvort þeir hefðu verið hræddir á meðan á þessu stóð. Stýrimaðurinn svaraði því neitandi og sagði: „Við vissum að þyrlan myndi koma.“ „Það var þarna sem ég sá og fann hvað menn voru farnir að trúa á og treysta á þessa starfsemi,“ segir Páll. Blaðamaður tekur undir þessi orð um að sjómenn og landsmenn allir beri mikið traust til starfseminnar og þeirrar björgunargetu sem þyrlusveitin hefur. Páll heldur áfram og segir þátt Slysavarnaskóla sjómanna seint vanmetinn í þessu samhengi því slysum og alvarlegum atvikum á sjó hafi fækkað gríðarlega á liðnum árum með tilkomu skólans.

Stekkur enn út þegar hann heyrir í þyrlunni

Ég spyr Pál hvort hann kippist ekki við þegar hann heyrir í þyrlu gæslunnar á flugi. „Jú, það er ekki laust við að maður fari stundum hér út til að kanna hvert sé verið að fara og þessháttar. Þetta togar alltaf í mann og maður losnar seint við þetta. Þetta kítlar alltaf,“ segir Páll að lokum.

-gpp



Matgæðingurinn að þessu sinni er Ingi Björn.

Ég þakka Erni frænda mínum fyrir áskorunina. Hann bað mig að bæta inn lykilorðhráefni sem hann gleymdi sem er 50g af brauðrasp blandað við Nachosið sem kjúklingnum er velt uppúr.

En þá að meistarastykkinu

Kjúklingaréttur með pesto og piparosti

Hráefni

4-5 kjúklingabringur skornar í bita.
4 hvítlausrif, söxuð smátt.
500 ml rjómi.
1 stk. piparostur.
1 krukka af rauðu pesto.
2 msk soja sósa.
5-10 dropar tabasco sósa.

Aðferð

1. Hvítlausrifin steikt uppúr nóg af smjöri.
2. Rjóma, piparosti, pesto, soya og Tabasco bætt við og látið malla þar til piparosturinn er bráðnaður.
3. Brúnið kjúklinginn á annarri pönnu og setjið síðan í eldfast mót.
4. Sósunni er síðan hellt yfir

Skorað er á Ara Steinar Svansson.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðan en á sunnudegi.



Ingi Björn Guðmundsson

kjúklinginn og allt sett inn í ofn á 175 gráður í u.þ.b. háltíma.

Gott er að bæta við rifnum osti ofan á þegar u.þ.b. 5 mínútur eru eftir og setja ofninn á grillstillingu.

Borið fram með salati og hrísgrjónum og ekki klikkar að hafa hvítlausbrauð með.

Ég er nú ekki mjög hrifinn af eftirréttum en mæli þó með að fólk skelli sér í Huppu og fái sér bragðaref í eftirrétt, með þrist jarðaberjum og hockey pulver.

Ég skora á Ara Steinar Svansson.

Guðni Ágústsson segir frá Jónasi frá Hriflu á Þingvöllum



Guðni Ágústsson mun fimmtudaginn 24. júní kl. 20 fara í göngu niður Hakið á Þingvöllum. Þar með hefst fyrsta Þingvallaganga sumarsins. Á leiðinni niður Hakið um Lögbergið og loks að Þingvallakirkju mun Guðni ræða um og segja frá einum litríkasta stjórnmálamanni Íslands, Jónasi frá Hriflu. Þá verður

Óttar Guðmundsson geðlæknir með í för en hann ræðir um Stórubombu, geðveikina og læknadeiluna. Þá segir Guðrún Eggertsdóttir frá Jónasi afa sínum. Ekki verður dagskráin tæmd með þessu en Karlaök Kjalnesinga syngur lög Sigvalda Kaldalóns. Gangan er um 2 klst. og allir velkomnir.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss,

sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673,

gpp@prentmetoddi.is.

Auglýsingar: Katla Harðardóttir,

sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is.

Dagskráin kemur út á hverjum

miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25,

Selfoss, fyrir hádegis á mánuðögum.

Upplag: 8700 eintök.

Dreifing: Öryggis í allar sýslur austan

Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að

samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísingátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Um feður landsins fróðleik ber ég.

Furðu djúpt í jörðu er ég.

Í leit að mér er oft ásókn hörð.

Ég er uppi í hlið við Reyðarfjörð.

Svar við gátu í blaði 2601: GANGA.

1. lína: Hólmanga - 2. lína: Kappganga

3. lína: Skrud/Krófuganga - 4. lína: Fjallganga

STARF

Ertu rétti rafvirkinn í stuðið í Soginu?

Við óskum eftir að ráða rafvirkja í öflugt teymi starfsfólks á Sogssvæði við Írafoss, Ljósafoss og Steingrímsstöð. Í starfinu felst viðhald, eftirlit og rekstur aflstöðva og veitumannvirkja. Fjölbreytt og krefjandi starf við ástandsmælingar og greiningar á rafbúnaði.

Hæfniskröfur


- Sveinspróf í rafvirkjun
- Þekking á viðhaldi búnaðar; loft-, kæli-, vökva- og rafkerfa
- Þekking á teikniforritum, iðntölvum og stjórnkerfum er kostur
- Reynsla af störfum tengdum raforkuvirkjum eða iðnaði er æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Geta til að kynna starf sitt og starfsvettvang fyrir hópum og einstaklingum

Umsóknarfrestur er til og með 29. júní

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
Landsvirkjun.is

Fyrirspurnir má senda á
starf@landsvirkjun.is

 Landsvirkjun



Vilt þú vinna á líflegum vinnustað?



N1 Hvolsvelli óskar eftir að ráða kraftmikið og þjónustulipurt starfsfólk til framtíðar- og sumarstarfa. Þjónustustöðin okkar er fjörugur vinnustaður sem iðar af mannlífi frá morgni til kvölds. Unnið er á vöktum.

Helstu verkefni:

- Almenn afgreiðsla
- Þjónusta við viðskiptavinum
- Önnur tilfallandi verkefni á stöðinni

Hæfniskröfur:

- Reglusemi og stundvísi áskilin
- Samskiptafærni og þjónustulund
- Reynsla á sambærilegu starfi er kostur

Umsækjendur þurfa að vera liprir í samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hóp.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Jenný Björgvinsdóttir**, stöðvarstjóri, í síma **487 8197** eða hjá **jennyb@n1.is**.

Áhugasamir sækji um á www.n1.is – merkt **Hvolsvöllur**.

440 1000 n1.is



JAFNLÁUNAVOTTUN
2021 - 2024



Boggugarðar



- Trjá- og hekkklippingar
- Beðahreinsanir
- Garðaráðgjöf

Erum á Facebook

Sólborg Ósk Kragh
GARDYRKJUFRAÐINGUR

Sími 895 2766
solborgosk@gmail.com

Aðalfundur

Kæru félagsmenn, við blásum til félagsfundar á hótél Selfossi nk. fimmtudag, 24. júní kl. 20 Fundar-efnið er staða skipulagsmála félagsins. Athugið að hér er um afar mikilvægt málefni að ræða sem snertir okkur öll, reiðvegamáli og framtíðarsvæði félagsins.

Stjórn og skipulagsnefnd Sleipnis



Ég man ennþá eftir fyrstu heimsókninni á bókasafnið

-segir lestrarhesturinn Brigitte Bjarnason

Brigitte Bjarnason er fædd Árið 1959 og uppalin í Hamborg í Þýskalandi. Hún kom fyrst til Íslands árið 1982 sem skiptinemi. Árið 1992 flutti hún alfarið til Íslands. Fyrst bjó hún í Arnarneshreppi fyrir norðan en seinna á Neskaupstað, Borgarfirði eystri, á Egilsstöðum, á Grundarfirði og í Hafnarfirði. Árið 2017 flutti hún á Selfoss. Brigitte hefur sinnt ýmsum störfum í gegnum tíðina en starfar nú sem leiðbeinandi í leikskólanum Álheimum.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Núna er ég að lesa skáldsöguna *Olga* eftir þýska rithöfundinn Bernhard Schlink sem skrifaði líka *Lesarann* sem var kvikmynd með Kate Winslet í aðalhlutverki. Sagan gefur innsýn í líf ungrar kennslukonu í byrjun 20. aldar í austurhluta Þýskalands. Á þessum tíma höfðu konur ekki kosningarrétt og stéttaskipting kom í veg fyrir að hún giftist kærastanum sínum, ævintýramanninum Herbert.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Auk skáldsagna finnst mér gaman að glugga í bækur tengdar lífsspeki og mannlegri hegðun. Ég er engin glæpasagnaæta en hef samt lesið nokkra reifara. Eftirminnilegastir voru *Kleifarvatn* eftir Arnald Indriðason og *Ég man þig* eftir Yrsu Sigurðardóttur. Aðrir íslenskir höfundar sem höfðu til mín eru Kristín Marja Baldursdóttir, Auður Ava Ólafsdóttir, Ólafur Jóhann Ólafsson, Vilborg Davíðsdóttir og Gyrðir Elíasson. Af bókunum sem komu út fyrir jólum hef ég lesið *Undir Yggdrasil* eftir Vilborgu Davíðsdóttir og *Eldarnir* eftir Sigríði Haglín Björnsdóttur. Lýsingar hennar af hamfaragosi á Reykjanesi voru afar átakanlegar en þá var ekki byrjað að gjósa í Geldingardölum. Af léttmeti finnst mér gaman að lesa bækur eftir Jojo Moyes og Jenny Colgan. Mér finnst ennþá best að hafa alvöru bók í höndunum og finna bókalyktina í staðin fyrir rafbækur. Til þess að bóka-hillurnar sprengi ekki utan af sér nota ég bókasöfn mikið. Á Borgarfirði eystra sá ég sjálf um bókasafnið sem var opið einu sinni í viku eftir hádegi. Þegar ég flutti til Hafnarfjarðar var ég svo heppin að fá aftur vinnu sem bókavörður.

Ertu alin upp við lestur bóka?

Foreldrar mínir voru ekki vanir



Brigitte Bjarnason

að lesa bækur. Þau voru 7 og 10 ára þegar stríðið í Þýskalandi byrjaði 1939. Ég býst við því að aðgengi að bókum hafi ekki verið gott, sérstaklega á eftirstríðsárunum. Í sveitum og þorpum var bókmenningin ekki í hávegum höfð. Ég varð algjör lestrahestur strax í fyrsta bekk og var mjög stolt yfir því að hafa fengið bókasafnskort. Enn í dag man ég eftir fyrstu heimsókninni á bókasafnið. Ég vildi helst tæma hilluna en mátti bara taka fimm bækur í einu. Uppáhaldslesefnið voru bækur eftir Enid Blyton og ævintýrabækur eins og Grimms ævintýri eða ævintýri eftir Hans Christian Andersen. Mér finnst mikilvægt að börn alist upp við lestur og helst eiga foreldrarir að byrja mjög snemma að lesa fyrir þau. Í leikskólanum er ég að vinna með tveggja ára börnum sem eru að verða mjög áhugasöm um bóklestur. Mikilvægt er að lesa með leikrænum hætti og spyrja spurninga. Þá skapast umræður og lestrastundin verður skemmtilegri.

En hvernig lýsir þú lestrarvenjum þínum?

Ég er búin að venja mig á að lesa í 30 til 60 mínútur áður en ég fer að sofa. Ef ég hef tíma og vil slaka á, leggst ég líka í sófann á daginn og les.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Fyrir stuttu síðan fékk ég lánaða bókina *Herbergi* eftir Emmu Donoghue. Ég gat varla lagt hana frá mér og ég mæli hiklaust með henni.

En að lokum Brigitte, hvernig rithöfundur ert þú sjálf?

Ég hef alltaf haft áhuga á

bókmenntum og lært ritlist í fjarnámi. Árið 2011 kom út eftir mig smásagnasafn hjá þýsku forlagi, tveimur árum síðar bók með álfasögum frá Íslandi og 2019 bók um Hansakaupmenn á Íslandi. Ný bók er í vinnslu og kemur út næsta vor 2022. Þetta eru allt saman bækur sem tengjast Íslandi. Á Borgarfirði eystri bjó ég nálægt Álfaborginni og fékk áhuga á álfasögum sem ég safnaði saman og þýddi yfir á þýsku. Bókina um *Hansakaupmenn á Íslandi* skrifaði ég ásamt Kirsten Rühl sem vinnur sem leiðsögumaður. Hún er eins og ég frá Hansaborginni Hamborg og við kynntumst á Íslandi. Að skrifa þá bók var afar spennandi verkefni. Safnagáttin leitir.is var mikið notuð í rannsóknarvinnu okkar. Við vorum undrandi á því hve lítið er fjallað um þetta tímabil þegar margir Þjóðverjar auk Engendinga stunduðu viðskipti hér á landi. Draumaverkefni mitt er að skrifa skáldsögu. Að skrifa bók er langhlaup og krefst þolinmæði. Að skrifa smásögu eða sagnfræðibækur hefur þann kost að hægt er að leggja handritið tímabundið til hliðar og taka pásu. Það er varla hægt með skáldsögu eða að minnsta kosti ekki æskilegt að mínu mati. Hugmyndir eru til staðar. Það þarf bara að byrja. Ég vil benda á að nýlega hef ég stofnað Facebook hópinn *Bókaspjall Selfoss* sem er umræðuhópur um bækur. Þetta er ekki hámenningarlegur umræðuvettvangur heldur segir fólk, úr öllum áttum, frá því sem það er að lesa.

Lestrarhestur númer 118. Umsjón Jón Özur Snorrason.

Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu

Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir

Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - /keyrsla.is



AÐALFUNDUR

HROSSARÆKTAR-SAMTAKA SUÐURLANDS



verður haldinn í Hlíðskjálfi, félagsheimili hestamanna á Selfossi, miðvikudaginn 30. júní 2021 og hefst kl. 20. Um er að ræða tvöfaldan aðalfund, þ.e.a.s. fyrir bæði árin 2019 og 2020.

Dagskrá, venjuleg aðalfundarstörf:

- Skýrsla stjórnar
- Reikningar samtakanna
- Lagabreytingar
- Stjórnarkjör
- Önnur mál

Fundurinn er ennfremur kynntur á heimasíðu samtakanna: www.sudurhestar.is

Þar eru líka fyrirhugaðar lagabreytingar kynntar og eru félagar hvattir til að fara inn á síðuna og kynna sér fyrirhugaðar breytingar á lögnum.

Stjórn samtakanna



Sími 482 1944
selfoss@prentmet.is
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss

Sigurhæðir fá fljúgandi meðbyr

Fyrir skömmu sagði blaðið frá því að verkefnið Sigurhæðir á Suðurlandi hefðu hlotið fjórar milljónir í styrk. Nú barst annar styrkur frá Jafnréttissjóði upp á fjórar milljónir. Styrkveitingin var kynnt föstudaginn 18. júní sl. í Hörpu, þar sem forsætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir veitti styrkina við formlega athöfn. Markmið Jafnréttissjóðs er að styrkja verkefni og rannsóknir sem miða að því að efla jafnrétti kynjanna í íslensku samfélagi og á þjóðavísu, en sjóðurinn var stofnaður í tilefni af 100 ára kosningaréttarafmæli íslenskra kvenna árið 2015.

Alls barst 81 umsókn í sjóðinn. Úthlutað var 25 milljónum króna í styrki til 8 verkefna. Sérstakt fagråd fór yfir umsóknirnar og var umsögn þess um Sigurhæðir svohljóðandi:

„Mjög mikilvægt verkefni sem fellur vel að fleiri en einum áherslum sjóðsins. Til að mynda er verkefnið ætlað að vinna gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni, kynbundnu ofbeldi og ofbeldi í nánnum sambönd-

um. Nánar tiltekið er markmið verkefnisins að stofna og reka SIGURHÆÐIR – þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi.

Markmið verkefnisins um að veita þolendum kynbundins ofbeldis á Suðurlandi viðeigandi þjónustu og skapa samstarfsveitvang fyrir þá fjölmörgu aðila sem koma að málaflöknum með einhverjum hætti eru skýr og koma vel fram. Lýsing á markmiðum verkefnis er framúrskarandi. Staða þekkingar

og nýnæmi er vel útskýrt og tenging við verkefnið góð. Verkefnastjórnun er skýr og í fullu samræmi við aðrar áætlanir. Þátttakendur eru vel hæfir með yfirgripsmikla faglega þekkingu. Verk, tíma- og kostnaðaráætlun er mjög raunhæf og vel fram sett. Gildi samstarfs er framúrskarandi og hafa flestir samstarfsaðilar þegar styrkt verkefnið. Verkefnið hefur alla burði til að skila tilætluðum árangri og ávinningi.“



ATVINNA

Sérfræðingur á Hagdeild

Sveitarfélagið Árborg auglýsir starf sérfræðings á hagdeild laust til umsóknar. Við leitum af metnaðarfullum einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á rekstrar- og fjármálagreiningum.

Hagdeildin heyrir undir fjármálasvið en á því starfa í dag 14 manns. Sviðinu er skipt í bókhaldsdeild, fjárreiðudeild, launadeild og hagdeild. Hagdeildin vinnur að þróun greininga og upplýsingagjafar og er mikil áhersla lögð á stafræna þróun í samstarfi við nýja upplýsingatæknideild Árborgar.

Um 100% starf er að ræða. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspeglji fjölbreytileika samfélagsins. Laun fara eftir kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknum skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur starfsins.

Nánari upplýsingar veitir

Ingibjörg Garðarsdóttir, fjármálastjóri, inga@arborg.is, sími 480 1900.

Umsóknarfrestur er til og með 5. júlí nk.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið á ráðningarvef sveitarfélagsins.

Helstu verkefni:

- Eftirlit og frávikagreining á rekstri
- Skýrslugerð og greiningar
- Upplýsingagjöf og ráðgjöf til stjórnenda
- Vinna við undirbúning og gerð fjárhagsáætlunar
- Vinna við undirbúning og gerð ársreiknings

Menntunar- og hæfniskröfur :

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða skyldum greinum er skilyrði.
- Reynsla og þekking á fjárhagsbókhaldi er nauðsynleg.
- Þekking og reynsla af fjárhagslegum greiningum er kostur.
- Starfsreynsla af sambærilegu starfi er kostur.
- Góð kunnátta í notkun hugbúnaðarlausna við fjármálastörf.
- Þekking og reynsla af Navision er kostur.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Gerð er krafa um nákvæm og öguð vinnubrögð og afburða talnaskilning.
- Sjálfstæði, frumkvæði, þjónustulund og samskiptafærni í starfi.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku.

Félag skógareigenda á Suðurlandi - FSS

Jónsmessuganga, sunnudagskvöldið 27. júní, kl. 20 að Bugum í Ölfusi

Eins og undanfarin ár verður Jónsmessuganga í boði skógarbænda á Suðurlandi. Að þessu sinni verður gengið um skóginn hjá Aðalsteini Sigurgeirssyni skógfræðingi að Bugum Ölfusi.

Leiðin þangað, frá Hveragerði, er að keyrt er út Ölfus að vegamótum fyrir neðan Þrengslin, þaðan vestur Hlíðarendaveg framhjá Hlíðardalsskóla og upp. Þrjá km í viðbót þar sem beygt er til hægri að húsi Aðalsteins að Bugum. Sjá kort á ja.is, Bugar Ölfusi.

Verkefnið Þorláksskógar verða kynnt og sagt stuttlega frá verkefninu í lok skógargöngu.

Skógargangan er öllum opin.

Hlökkum til að sjá ykkur,

Stjórn FSS



Kerhólsskóli



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Kerhólsskóli auglýsir eftir íþróttakennara og flakkara

Í skólanum eru rúmlega sjötíu nemendur frá eins árs og upp í 10. bekk. Í Kerhólsskóla er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, teymiskennslu og útinám. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði „Uppeldi til ábyrgðar“. Leitað er eftir sjálfstæðum og drífandi einstaklingum með þekkingu og áhuga á skólastarfi.

Um er að ræða kennslu í skólaíþróttum, sundi og mögulega einhverjar fleiri greinar. 75-100% staða.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf sem kennari.
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.
- Mjög góða hæfni í samskiptum.
- Færni í að vinna í teymum og að fjölbreyttum verkefnum.
- Þekking á *Uppeldi til ábyrgðar* er kostur.

Einnig er laus til umsóknar staða flakkara

Flakkari er í afleysingum í grunnskóladeild (stuðningsfulltrúa og skólaliða), í leikskóladeild (leikskólaleiðbeinenda) og í mótuneyti. 80-100% staða.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Mjög góða hæfni í samskiptum.
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.
- Færni í að vinna í teymum og að fjölbreyttum verkefnum.
- Þekking á *Uppeldi til ábyrgðar* kostur.
- Áhugi á að vinna með börnum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknum um starfið skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil og afrit af leyfisbréfi, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið og upplýsingar um umsagnaraðila. Fólki af öllum kynjum er hvatt til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 11. júlí 2021. Nánari upplýsingar veitir Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri í síma 480 5520 og jonabjorg@kerholsskoli.is Umsóknir sendist á netfangið jonabjorg@kerholsskoli.is.

Íþróttir

Líf og fjör í Mosfellsbænum

KNATTSPYRNA Það er óhætt að segja að áhorfendur í Mosfellsbæ hafi fengið mikið fyrir peninginn þegar Afturelding og Selfoss mættust í Lengjudeildinni á föstudag. Leiknum lauk með 3-3 jafntefli í stórskemmtilegum leik.

Heimamenn í Aftureldingu byrjuðu leikinn af mun meiri krafti en Selfyssingar og náðu forystunni í leiknum eftir aðeins átta mínútna leik. Það leið ekki á löngu þangað til að Afturelding tvöfaldaði forystu sína og staðan orðin 2-0 eftir rúmlega tíu mínútna leik. Afar slæm byrjun. Selfyssingar unnu sig þó hratt og örugglega inn í leikinn og það var Gary Martin sem minnkaði muninn fyrir Selfyssinga þegar hann komst einn í gegnum vörn Aftureldingar eftir frábæra sendingu frá Adam Erni Sveinbjörnssyni úr vörninni. Gary var aftur á ferðinni rétt fyrir hálfleik þegar hann smelti boltanum gullfallega í netið eftir sendingu frá Ingva Rafni Óskarssyni.

Selfyssingar voru mun betri aðilinn í leiknum þegar komið



Gary Martin skoraði tvö mörk gegn Aftureldingu. Ljósmynd: Fótbolti.net/Hafliði Breiðfjörð.

var yfir í síðari hálfleikinn. Liðið fékk mörg góð færi en það var ekki fyrir en á 66. mínútu sem Ingvi Rafn kom Selfyssingum yfir eftir góðan sprett upp hægri kantinn, Kenan Turudija með stoðsendinguna. Eftir að hafa náð forystunni gáfu Selfyssingar aðeins eftir sem varð til þess að Afturelding skoraði

jöfnunarmark þegar tíu mínútur voru til leiksloka, afar svekkjandi. Lokamínúturnar voru ansi fjörugar en hvorugu liðinu tókst að finna sigurmarkið.

Næsti leikur liðsins er á laugardaginn klukkan 14 kemur þegar Víkingur Ólafsvík kemur í heimsókn á JÁVERK-völlinn.

-Umf. Selfoss/ahm



44 keppendur í Bláskógaskokki

Bláskógaskokk HSK var haldið sunnudaginn 13. júní sl. Samtals tóku 44 keppendur þátt í hlaupinu, 31 hljóp 10 mílur og 13 manns hlupu fimm mílur. Framkvæmd hlaupsins gekk vel, þrátt fyrir leiðindaveður.

Steinunn Lilja Pétursdóttir kom fyrst í mark í kvennaflökki í 10 mílum á 1;20,37 klst. og í karlaflokki var það Sölvi Sturluson sem sigraði á 1;14,10 klst. Sigmar Egill Baldursson kom fyrstur í mark í styttri vegalengdinni á 39,52 mín og í kvennaflökki var það Þórdís Valsdóttir á tímanum 50,50 mín. Sigurvegaramir fengu sérverðlaun sem var gisting á Hótel Örk. Þá er Fontana á Laugarvatni þakkaður stuðningurinn við hlaupið.

Heildarúrslit eru á www.timataka.net



og fleiri myndir má sjá á www.hsk.is.

Á næsta ári verður afmælishlaup, en þá verða 50 ár liðin frá því fyrsta Bláskógaskokkið var haldið árið 1972.

Glæsilegt mót á Selfossi

HANDBOLTI Íslandsmót í 5. flokki kvenna fór fram á Selfossi um seinustu helgi. Þar var margt um manninn og mikið um góð tilþrif. Deildar- og Íslandsmeistarar voru krýndir eftir flottan vetur hjá stelpunum.

Á laugardagskvöldinu var síðan blásið til stjörnuleiks, þar sem landsliðið mætti pressuliðinu, sem hafði sigur úr bítum.

-Umf. Selfoss/esó



Ljósmynd: Umf. Selfoss.

Litháenskt handboltapar til Selfoss

HANDBOLTI Þau Karolis Stropus og Roberta Ivanuskaité hafa samið við handknattleiksdeild Selfoss til þriggja ára.

Roberta er 23 ára skytta og spilaði síðast með Aftureldingu í Olísdeildinni 2019-2020, en var frá á síðasta tímabili vegna meiðsla. Þar áður lék hún í þýsku fyrstu deildinni með liði Neckarsulmer SU.

Karolis er 30 ára skytta sem spilaði með Þór á Akureyri í vetur, en einnig hefur hann leikið með Aftureldingu, Víking og Akureyri á Íslandi.

Bæði hafa þau leikið töluvert fyrir landslið Litháen og bæði hafa þau spilað með vinaliði okkar í Litháen, Dragunas frá Klaipeda. Karolis spilaði ein-



Roberta og Karolis. Ljósmynd: Umf. Selfoss.

mitt með Dragunas þegar Selfoss mætti þeim í Evrópukeppninni haustið 2018.

Það er ljóst að þau eru góð viðbót við meistaraflokkana

okkar. Við bjóðum þau bæði hjartanlega velkomin á Selfoss.

Fréttatilkynning frá stjórn handknattleiksdeildar Umf. Selfoss

Alexander áfram á Selfossi

HANDBOLTI Hornamaðurinn örvhenti Alexander Már Egan hefur framlengt samning sinn við handknattleiksdeild Selfoss til tveggja ára. Alexander er uppalinn Selfyssingur og hefur leikið um árabil með meistaraflokki þrátt fyrir að vera aðeins

24 ára. Hann var í stóru hlutverki í liðinu þegar Íslandsmeistaratitillinn vannst.

Deildin er gríðarlega ánægð með að Alexander skuli framlengja við félagið og verði áfram einn af lykilmönnum liðsins.

-Umf. Selfoss/esó



Alexander sómir sér vel í vínrauðu. Ljósmynd: Umf. Selfoss

Árborgarsíðan

Fréttir og fróðleikur frá Sveitarfélaginu Árborg



Stöðuskýrsla fjölskyldu- sviðs Árborgar er komin út

Rúm tvö ár eru liðin frá Rstofnun fjölskyldusviðs Árborgar og af því tilefni var ákveðið að taka stöðuna á umbótavinnunni og kynna í sérstakri stöðuskýrslu. Þar er m.a. fjallað um umbótastarf frá stofnun fagsviðsins árið 2019. Fjölskyldusvið er stórt og ber ábyrgð á mörgum mikilvægum málaflokkum. Stöðuskýrslan var unnin af stjórnendum og starfsfólki og samhljómur er um að sérlega mikil gróska hafi verið á fjölskyldusviði síðastliðna 12 mánuði. Á fagsviðinu starfa margar fagstéttir, sem gefur slagkraft í þróun þverfaglegar þjónustu fyrir íbúa á öllum aldri. Áherslur hafa verið lagðar út frá hugmyndafræði forvarna og snemmtæks stuðnings sem er meðal annars í góðu samræmi við nýsamþykkt lög um samþættingu á þjónustu í þágu farsældar barna. Nánar má lesa um stöðuskýrslu fjölskyldusviðs á vefsíðu sveitarfélagsins



Aukin ráðgjöf til foreldra og unglunga

Sett var á fót tímabundið verk-efni unglingaráðgjafa í samvinnu við Vinnumálastofnun. Starfið er þvert á deildir fjölskyldusviðs og samræmist það vel stefnu fagsviðsins um að hafa þjónustuna aðgengilega, koma henni að á fyrri stigum, með góðri teymisvinnu milli deilda og með hagsmunum þjónustuþega að leiðarljósi. Ráðgjafinn

býður upp á ráðgjöf til foreldra og unglunga í sveitarfélaginu á fyrri stigum vanda er upp kann að koma, svo sem vegna áhættu-
hegðunar eða vanlíðunar. Með slíku vinnulagi er oft hægt að koma í veg fyrir að mál þróist til verri vega. Samvinna er farin af stað með grunnskólum Árborgar og boðið verður upp á viðtals-
tíma inni í grunnskólunum fyrir

bæði foreldra og ungmenni og færa um leið þjónustuna nær notendum hennar. Leiðarljósið er alltaf að vinna í anda snemmtæks stuðnings og veita sem fyrst ráðgjöf þegar áhyggjur vakna. Ráðgjafinn vinnur í nánú samstarfi við lögreglu, starfsmenn félagsmiðstöðva og er jafnframt stuðningur við hópastarf í félagsmiðstöðinni.



Virknihópur fyrir íbúa af erlendum uppruna

Frá október - desember 2020 var gerður samningur við Klúbbinn Strók, virknimiðstöð, um virkninámsskeið fyrir fólk af erlendum uppruna. Átta einstaklingum var boðin þátttaka sem áttu það sameiginlegt að vera íbúar af erlendum uppruna í samfélaginu og viðtakendur fjárhagsaðstoðar hjá sveitarfélaginu. Námskeiðið stóð yfir í 10 vikur og var þannig byggt upp að samfélagsfræðslu, hópverkefnum og iðjutengdum verkefnum var blandað saman en einnig

var lögð áhersla á að styðja þátttakendur í því að tengjast betur inn í samfélagið, bæði gegnum Klúbbinn Strók og/ eða önnur viðeigandi úrræði eftir því sem hentar hverjum og einum. Mikil ánægja var með verkefnið sem fékk styrk frá Lýðheilsusjóði. Þrír af þátttakendum námskeiðsins héldu markvisst áfram virkni innan Klúbbsins Stróks meðfram því að leita sér að starfi á almennum vinnumarkaði og tveir þátttakendur voru komnir með starf í lok námskeiðsins.

Frisbíggölvöllurinn á Selfossi endurgerður

Síðast liðnar vikur hefur Frisbíggölvöllurinn við Gesthús á Selfossi verið í endurgerð og m.a. hefur upphafsstaðurinn verið færður að sleðabrekkunni við Stóra hól.

Frisbíggölvöllurinn á Selfossi er 18 holu völlum og samhliða endurgerðinni hefur verið bætt við upphafsteigum með gervigrasi, nýjar teigamerkingar og nýtt kort af brautinni, sem kemur upp á næstu dögum. Framkvæmdum við völlum er ekki að fullu lokið en hann er þó opin öllum til að spila. Aðgengi að völlum er gott og er hægt að leggja á malarsvæði fyrir neðan



Stórahól. Við minnum einnig áhugasama á frisbíggölvöllum á Stokkseyri og Eyrarbakka, báðir staðsettir við tjaldsvæðin. Á Eyrarbakka er að finna eina strandvöll landsins.

A new website

Multiculturalism in Árborg

The website multiculturalism in Árborg is intended for residents with diverse backgrounds and individuals who work with immigrants,

want to learn more about multiculturalism or know people with diverse backgrounds.

<https://fjolmenning.arborg.is/en/>

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

AI-Anon Selfossi
AI-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

AI-Anon
AI-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 14 - PPG opinn fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

S. 482 1944
dfs@dfs.is

BÍLAR

KIETTUR
Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.



Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

AB
SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122

Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki
Persónuleg þjónusta



VH Tækjaleiga

Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.

HEILSA

**Nudd -
Svæðanudd**

Dáleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

Konur í aðalhlutverki á sautjándanum í Árborg



Arna Ír Gunnarsdóttir

Fjallkonan og ávarp fulltrúa sveitarfélagsins Árborgar er hluti af hefðbundnum dagskrárliðum á sautjándanum júní. Glöggur lesandi blaðsins benti á að í ár hefðu konur skipað öll sæti í hátíðardagskránni. Fjallkonan, Halla Dröfn Jónsdóttir, stúlkur úr skátunum og lögreglukonur fylgdu fjallkonunni. Þá var Arna Ír Gunnarsdóttir með ávarp fyrir hönd sveitarfélagsins. Halla Eyjólfsdóttir f. 1866 skrifaði ljóð Fjallkonunnar sem nefnist Lesið bókina: hérna eru fyrstu erindin:

*Sjáið, hve náttúran sópar og
prýðir
salinn þann stóra með bláhvelið
hátt!
Fuglarnir skilja hvað þetta allt
þýðir;
Þrestir og sólskrýkjur leika svo
datt.*

*Enginn sér neitt fyrir skamm-
degis-skýjum,
Skuggum né hretviðrum. Allt er
á braut.
Vorsólargeyslunum vermandi
hlýjum
vefur hún salinn - og klæðir í
skraut.*

Gott að einfalda lífið

Í ræðu Örnú Írar var minnst á þær áskoranir sem kórónuveirufaraldurinn færði okkur, en með eljusemi hafi okkur tekist að komast í gegn um það. Hún ræddi um þá útsjónarsemi og þann sveigjanleika sem starfsfólk sveitarfélagsins hefur sýnt í störfum sínum, þá sér í lagi í leik- og grunnskólum sem með eljusemi hélt uppi eins eðlilegu skólalastarfi og hægt var.

„En nú horfum við fram á bjartari tíma, fulla af tækifærum. Samfélagið er að lifna við á ný, atvinnulíf og mannlíf að komast í eðlilegt horf. Við getum

farið að hittast aftur og gleðjast saman á alls kyns mannamótum sem er auðvitað ákaflega gleðilegt.“

Þá ræddi Arna Ír hvaða lærdóm við gætum tekið úr þessum skrytna tíma og tekið með okkur áfram í lífinu. „Margir hafa áttað sig á hvað það var í raun og veru gott að einfalda lífið, eins og við höfum þurft að gera. Allt í einu voru ekki gerðar kröfur um að við værum útum allar koppa-grundir að sinna öllu mögulegu og ómögulegu. Áreitum fækkaði og lífið einkenndist af meiri ró og hæglæti, nokkuð sem fólk fann að gerði þeim gott og hafði jákvæð áhrif. Það er talað um að á þeim tímum sem við lifum sé streita að verða stærsta ógnin við heilsu okkar. Það væri því til mikilla bóta ef að reynsla okkar af tímanum í samkomu takmörkunum yrði til þess að við forgangsröðuðum hlutum í lífi okkar upp á nýtt.“ -gpp



Fjallkonan í fylgd skáta og lögreglu

KIRKJUR

Selfosskirkju

Messað verður í Selfosskirkju sunnudaginn 27. júní kl. 11. Sr. Gunnar Jóhannesson þjónar fyrir altari. Ester Ólafsdóttir leikur á orgelið. Verið öll hjartanlega velkomin.

Stóra-Núpskirkja

Útiguðþjónusta í Steinsholti sunnudaginn 27. júní kl. 11. Barn borðið til skírnar. Allir velkomin. Sóknarprestur.

Strandarkirkja

Guðsþjónusta sunnudaginn 27. júní 2021 kl. 14. Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir þjónar og Kór Þorláksskirkju leiðir safnaðarsöng undir stjórn Esterar Ólafsdóttur. Grimuskýlda. Verum öll velkomin til kirkju. Sóknarnefnd og sóknarprestur.

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 26. júní. Bibliulexiur kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12, ræðu hefur Eric Guðmundsson. Verið velkomin.

HÚSNÆÐI ÓSKAST

Húsnæði óskast

Óska eftir 2-3ja herbergja íbúð til leigu á Selfossi á sanngjörnu verði. Uppl. í síma 832 6888.

Missir- sumarsýning í Húsinu á Eyrarbakka

Fjöldi sótti opnun sýningarinnar Missir í Húsinu á Eyrarbakka sl. Sunnudag. Húsfyllir var að mætti segja af fólki sem skoðaði sýninguna en hún er undir sýningarstjórn Lindu Ásdísardóttur. Á meðal gripa á sýningunni eru gersemar úr eigu Margrétar Aldísar Árnadóttur. Hún dó átta og hálfárs gömul árið 1909. „Persónulegir hlutir verða gjarnan dýrgripir eftirlifenda þegar ástvinur deyr. Þannig geyma látlausir hlutir líkt og pappírshátur, herðasjal og spari-baukur oft mun dýpri sögu en virðist í fyrstu. Löngu seinna rata slíkir gripir á safn; kannski þegar tíminn hefur grætt sárin. Á sumarsýningunni Missir í borðstofu Hússins á Eyrarbakka er

ljósinu beint að þessum fallega síð og tilfinningagildi gripanna heiðrað.

Söguþími sýningarinnar færir gesti aftur á fyrri hluta 20. aldar þegar ekki þótti sjálfsgætt að allir næðu háum aldri. Mikil breyting hefur orðið á viðhorfi samfélagsins síðan þá. Dauðinn var fólki mun nálægari áður fyrr, en sorgin var borin í hljóði. Viðsnúningur hefur orðið svo nú er talið mikilvægt og eðlilegt að tjá sig um missi en dauðinn sjálfur virðist fólki fjarlægari,“ segir í umsögn um sýninguna. -gpp

Safnið er opið alla daga 11-18 fram til 15. september og eftir samkomulagi á öðrum tímum.



Mynd: Gunnar Páll Pálsson

Þingvallavatnið varhugarvert

Ungar stúlkur komust í hann krappan á uppblásnum báti á Þingvallavatni þann 18. júní sl. Mikill viðbúnaður varð vegna málsins og allt tiltækt björgunarlið ræst út. Stúlkurnar náðu að komast að landi þrátt fyrir að báturinn hafi verið farinn að fyllast af vatni. Þjóðgarðsvörður lét hafa eftir sér að það hafi verið heppni að ekki hafi verið meiri vindur á vatninu, t.d. stíf norðanátt, því þá hefði mögulega farið verr.

Hættan við vatnið sú að það leyfir á sér

Bændur við Þingvallavatn, sem aldir hafa verið upp í kringum og við vatnið, þekkja vel þær hættur sem geta myndast á vatninu. Helst sé það saklaust yfirbragð þess sem blekki. Blási af landi í norðanátt og þú norðanmegin við vatnið eru engar öldur sem heitið getur uppi við landið. Þegar út á vatnið sé komið gæti öldugangurinn verið orðinn margfaldur. Það sama eigi við hinu megin við vatnið. Þá geti öldur á vatninu bæði orðið stórar og krappar og minni bátar eigi í vök að verjast í svoleiðis ágangi. „Maður hefur kannski verið rétt kominn af stað og ætlað að vitja netja en snýr við fljótlega því það er haugabrim og gefur yfir. Það er ekkert endilega á vísan að róa með góð skilyrði og sérstaklega ef maður þekkir ekki hvernig vatnið hagar sér“ segir Jón

Ingvar Arnarsson, sem þekkir vatnið vel, enda alinn upp við það.

Þeir sem fari í vatnið kólna fljótt

Við spyrjum Jón um slys á vatninu og hvort hann muni eitthvað „eftir slíku, jú þetta hefur verið brýnt fyrir manni í gegn um tíðina og maður man eftir nokkrum. Fyrir um tveimur árum fórst maður á kajak sem ekki hefur fundist. Þá hefur mér fundist að í þessum slysum sé það kuldinn sem sé aðal vandinn. Vatnið er alltaf kalt, líka á sumrin. Vatnið er vissulega djúpt en það er kannski ekkert endilega aðal hættan. Ef maður fer, án flotgalla í vatnið, þá gefst maður fljótlega upp og króknar bara einfaldlega. Vestin geta þá í mesta lagi haldið manni á floti og maður finnst,“ segir Jón.

Siglingar bannaðar á vatninu nema með leyfi

Við spyrjum um siglingar við vatnið og það kemur fram í veiðireglum vatnsins að það megi ekki setja báta á flot á vatninu nema með leyfi hvers landeiganda. Þá sé eftirlit með þessu innan Þjóðgarðsins að auki. „Það ætti ekkert hver sem er að setja bát á flot þarna. Það er að minnsta kosti skynsamlegra að fá til þess leyfi og fólki viti af því að þú sért að fara út. Það er langt í hjálp,“ segir Jón að lokum. -gpp.



Prófkjóri Framsóknar í Suðurlandsdæmi lokið

Prófkjör Framsóknarmanna í Suðurlandsdæmi fór fram um helgina. Niðurstöður þess eru þannig að Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, sóttist einn eftir 1. sætinu og fékk 95,7% gildra atkvæða.

Silja Dögg Gunnarsdóttir, sitjandi þingmaður Framsóknarflokksins, sóttist eftir 2. sætinu en hafnaði í 3. sæti. Hún tilkynnti eftir að úrslitin voru kunngjörð að hún myndi ekki þiggja sætið.

Jóhann Friðrik Friðriksson bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ sóttist einnig eftir 2. sætinu og náði því með 552 atkvæðum í 1.-2. sæti.

Úrslit prófkjörsins voru þessi:

1. Sigurður Ingi Jóhannsson, Hrunamannahreppi 975 atkvæði í 1. sæti

2. Jóhann Friðrik Friðriksson, Reykjanesbæ 552 atkvæði í 1. – 2. sæti

3. Silja Dögg Gunnarsdóttir, Reykjanesbæ 589 atkvæði í 1. – 3. sæti

4. Halldóra Friða Þorvaldsdóttir, Reykjanesbæ 616 atkvæði í 1. – 4. sæti

5. Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, Árborg 773 atkvæði í 1. – 5. sæti

Á kjörskrá voru 3.121 og greiddu 1.165 greiddu atkvæði en kjörsókn var 37,5%.

ARMOR 10 5G
THE WORLD'S FIRST 5G RUGGED PHONE

Ódýrari: 95.000kr
Hraðvirkni: 8 örgjörfar 2MHz
Meira minni: 8GB RAM, 128GB ROM
Meira geymslurými: allt að 2TB
Pólarí: vatns- og rykkeldur og höggþolin
Stærri rafhláða: 6800mAh
Stærri skjár: 6.67"
Meiri upplæun: 2400x1080P
Bætt myndavél: 64MP 0280x0944P
Bætt myndir og myndir undir vatni
15W Qi þráðlaus hleðsla, 15W hraðhleðsla
Stærðingartæki
GPS, GLONASS, Galileo
BEIDDU, Stafrænir tölvur

Kaupauki út júní 2021
Snúrlaus hleðslustandur
(6000kr)

Úlfone umboðið á Íslandi, IT ráðgjöf ehf, kt: 6901982669, Sími: 8979858, email jobjobja@gmail.com
[HTTPS://taeknideldin.is](https://taeknideldin.is)

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi ytra



RANGÁRÞINGI YTRA

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016/2028.

Árbæjarhellir 2 og Ægissíða - Heiðarbrún.

Breyting á landnotkun í aðalskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 10. 6. 2021 að gerðar verði breytingar á landnotkun tveggja svæða vestan Ytri-Rangár. Annars vegar nokkurra Ægissíðulóða frá Árbyrgi/Bjargi til og með Heiðarbrún þar sem núverandi landbúnaðarsvæði verði gert að íbúðasvæði og hins vegar Árbæjarhelli 2 þar sem núverandi fristundasvæði verði gert að íbúðasvæði. Lýsingin er jafnframt kynnt öllum þinglýstum eigendum umræddra lóða.

Lýsingin liggur frammi hjá skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 1-3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við lýsingu og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 28. júlí nk.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum.

Hallstún L190888, Rangárþingi ytra, deiliskipulag

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 10. 6. 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir átta lóðir úr landi Hallstúns, L190888. Um fristundasvæði F27 er að ræða í aðalskipulagi og er heimild til uppbyggingar á 10 lóðum skv. greinargerð aðalskipulagsins. Aðkoma að svæðinu er frá Landvegi (26) um Ölfersholtsveg (303).

Atvinnusvæði sunnan Suðurlandsvegur á Hellu, Rangárþingi ytra, deiliskipulag

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 12. 5. 2021 að auglýsa deiliskipulag fyrir atvinnusvæði sunnan Suðurlandsvegur á Hellu. Um er að ræða svæði austast í þéttbýlinu, verslunar- og þjónustusvæðið VP20, athafnasvæðið AT4 og iðnaðarsvæðið I26. Í deiliskipulaginu verða afmarkaðar lóðir, settir byggingarskilmálar og gerð grein fyrir götum, bílastæðum o.fl. Aðkoma að svæðinu er annars vegar frá Rangárflötum að vestan og frá væntanlegu hringtorgi á Suðurlandsvegi að austan.

Tillögurnar liggja frammi hjá skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is.

Frestur til að skila inn athugasemdum er til 3. ágúst 2021.

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488 7000 eða með tölvupósti birgir@ry.is.

Haraldur Birgir Haraldsson,
skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra.

17. júní fór vel fram í ágætu veðri



Sautjándinn fór að venju vel fram þar sem ungir sem aldnir skemmtu sér hið besta.

Dagskráin var mjög fjölbreytt en ljósmyndari blaðsins fór um í Árborg og leit víða við. -gpp

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

BRACCA AF VINÁTTU!
Fæst hjá BYKO Selfossi

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápa viðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet
heilðarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

HREINGERINGA-ÞJÓNUSTA Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
Sími 480 8020

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Jiibbiíi
Siggaferdiz
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

D+H BÓKHALD
✓ Bókhaldsþjónusta
✓ Skattskil
✓ Stofnun fyrirtækja
✓ Framtöl og ársreikningar
✓ Fyrirtækjaráðgjöf
Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhhokhald@gmail.com
s. 6933708

FYLGDI Útfarapjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NYTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is